

Ölfus 10.01.2014

Umsókn um gerð deiliskipulags

Efni:

Umsókn um gerð deiliskipulags og greinagerð vegna vinnu að deiliskipulagi að Hlíðartungu í Ölfusi

Almennt:

Fyrirhugað er að gera deiliskipulag að Hlíðartungu

Aðstæður og upplýsingar:

Hlíðartunga landnr. 171727, staðgr. 8717-2-00035000. Stærð jarðarinnar er 38ha. (ekki gefið upp inn á fasteignamati ríkisins) Á jörðinni er starfrækt sauðfjárbú. Húsakostur á landinu telur eftirfarandi: Íbúðir, geymslur, hlaða, hesthús og véla- og verkfærageymsla. Ræktað land er um 19,5ha og að öðru leyti eru melar, móar og beitistykki.


Fyrri deiliskipulög:

Deiliskipulagt var fyrir Íbúðarhús og skemmu fyrir austan Hvammsveg

Ástæður deiliskipulags:

Fyrirhugað er að flytja skemmu er stendur á lóð fyrir austan Hvammsveg og vestur fyrir Hvammsveg. Nánar tiltekið verður skemman staðsett eins vestarlega og þörf er á m.t.t. fjarlægðar við aðliggjandi byggingar á bæjunum Akurgerði og Lambhaga. Undir skemmuna yrði svo skipulögð lóð og fyrirhugað er að vera með fuglaeldi. Skemman telur um 144fm en deiliskipulag mun gefa kost á stækkunarmöguleikum. Í deiliskipulagsgerð verður nánar farið í reglugerðir er varða fuglauppeldi og fjarlægðarmörk.

Sótt er um að hefja vinnu við deiliskipulag að Hlíðartungu í Ölfusi fyrir hönd landeigenda, Björgvins Ásgeirssonar. Eigandi jarðarinnar á til loftmynd sem hann fékk úthlutað vegna fyrri deiliskipulaga.


Arnar Ingi Ingólfsson
Byggingarfræðingur B.Sc.